




Undan vetri, inn í vor

Stefna íslenskra stjórnvalda í tengslum við heimsfaraldur covid-19 er að vernda líf og heilsu landsmanna en einnig að lágmarka efnahagsleg og samfélagsleg áhrif faraldursins.




Inn í vorið

- ❖ Markmið stjórnvalda er að aflétta þeim takmörkunum sem settar hafa verið á landsmenn til að verjast farsóttinni.
- ❖ Þetta mun gerast í skrefum og hefur framgangur bólusetningar afgerandi áhrif á hversu hratt við getum snúið til eðlilegs lífs. Ekki verður hægt að tryggja algjöran fyrirsjáanleika.
- ❖ Verkefni stjórnvalda er að leggja mat á hvenær dregið hefur nægjanlega úr hættu af völdum covid-19 til þess að aflétta beri víðtækum aðgerðum.
- ❖ Óhagstæðar breytingar í tengslum við faraldurinn geta breytt áhættumati stjórnvalda og heilbrigðisyfirvalda, til dæmis verulega aukin hætta á alvarlegum veikindum vegna nýrra afbrigða.
- ❖ Aflétting sóttvarnaaðgerða tekur mið af bólusetningu og stöðu faraldurs.
- ❖ Gert er ráð fyrir að vegna þeirrar verndar sem bólusetning veitir sé unnt að grípa til minna afgerandi aðgerða þótt upp komi smit.
- ❖ Áframhaldandi samstaða um persónubundnar sóttvarnir, meðal annars samstarf um sýnatöku, smitrakningu, sóttkví og einangrun dregur úr hættu á að faraldurinn dreifist í veldisvexti.
- ❖ Jafnvel þótt engin bóluefni séu 100% örugg, og að einhver afbrigði geti átt auðveldara en önnur með að smjúga framhjá vissum bóluefnum, þá mun bóluefnavörn hafa mikil áhrif á áhættumat.

Áhrif bóluasetningar

- ❖ Bólusetning eldri hópa dregur úr hugsanlegum beinum afleiðingum faraldurs, þar sem líkur á alvarlegum veikindum aukast í takti við aldur.
- ❖ Myndin sýnir hlutfallslega fækkun innlagna og gjörgæsluinnlagna þegar búið er að bólusetja tiltekin fjölda út frá aldri og forgangi.
- ❖ Afleiðingar mjög útbreidds faraldurs gætu þó orðið verulegar jafnvel þótt bólusetning sé langt komin.
- ❖ Þegar bólusetning er komin áleiðis dregur úr líkum á stórum faraldri innan þeirra hópa þar sem margir eru varðir.
- ❖ 87% innlagna og sama hlutfall gjörgæsluinnlagna hafa verið meðal 50 ára og eldri á Íslandi. 97% andlátá héraendis hafa verið meðal 60 ára og eldri.



Spá um innlagnir á almenna deild og gjörgæslu byggjast á forsendum úr fyrri bylgjum faraldursins á Íslandi og felur ekki í sér áætlan um fjölda, en gerir ráð fyrir að hætta á alvarlegum veikindum kæmi til með að dreifast með áþekktum hætti milli aldurshópa eins og verið hefur. Fyrri lóðrétta línan sýnir stöðuna nú, sú síðari líklega stöðu 1. júlí.


Hlutfall með að minnsta kosti fyrri skammt bóluþefnis

	1. maí	1. júní	1. júlí
Öll yfir 70 ára	Lokið	Lokið	Lokið
Öll yfir 60 ára	87,5%	Lokið	Lokið
Öll yfir 50 ára	68,0%	Lokið	Lokið
Öll yfir 16 ára	39,0%	67,0%	Lokið

Spá um stöðu bólusetningar miðað við bestu upplýsingar.

Ráðstafanir á landamærum

- ❖ Markmið stjórnvalda er að opna á ný fyrir ferðalög til og frá landinu, þar á meðal fyrir gesti og ferðamenn. Þetta mun þó ekki gerast nema ítrustu varkárni sé gætt og staða faraldurs leyfi.
- ❖ Ráðstafanir á landamærum munu taka mið af ástandi faraldurs, hættu á útbreiðslu og mati á áhættu sem landsmönnum stafar af hugsanlegum faraldri innanlands.
- ❖ Notast verður við svæðisbundið áhættumat, sem styðst meðal annars við litakóðunarflokkun Evrópsku sóttvarnastofnunarinnar.
- ❖ Frá og með 7. maí verður gefið út vikulega svæðisbundið áhættumat og fylgst með þróun faraldursins með tilliti til landamæraaðgerða.
- ❖ Óbreyttar reglur, eða strangari, munu gilda um öll lönd til a.m.k. 1. júní. Bólusettir og þeir sem áður hafa fengið sýkingu munu sæta einni skimun, en vera annars undanþegnir.



Tímabundin herðing á landamærum

- ❖ Þar sem miklu skiptir að draga úr hættu á útbreiðslu faraldurs á næstu vikum, meðan verulegur framgangur er í bólusetningu innanlands, leiðir hættumat stjórnvalda til aukinna ferðatakmarkana á næstu vikum.
- ❖ Ríkisstjórnin mun leggja til við Alþingi að tímabundið hafi dómsmálaráðherra heimild til að banna ónauðsynlegar ferðir frá löndum þar sem eru svæði með 14-daga nýgengi umfram 1000 á hverja 100 þúsund íbúa. Heilbrigðisráðherra hefur heimild til að skylda alla farþega frá sömu löndum til dvalar í sóttvarnarhúsi og ekki heimilt að veita undanþágur frá því.
- ❖ Að auki mun ríkisstjórnin leggja til að þeir sem koma frá vissum löndum verði skylt að dveljast í sóttkvíarhúsi nema tilefni sé til undanþágu, t.d. trúverðug áform um dvöl í fullnægjandi húsnæði. Miðað er við að þessi regla gildi um lönd þar sem eru svæði með nýgengi smita umfram 750 á hverja 100 þúsund íbúa umliðna 14 daga.
- ❖ Þessar aðgerðir eru lagðar til tímabundið til þess að draga úr hættu á því að þörf verði á umfangsmiklum aðgerðum innanlands á allra næstu vikum. Með útbreiddari bólusetningu innanlands dregur jafnframt úr þörf á hörðum landamæraaðgerðum.

Hættumat á landamærum

	Í kjölfar lagasetningar	Meira en 65% fullorðinna fengið fyrri skammt u.þ.b. 1. júní	Öllum fullorðnum boðin fyrri bólusetning u.þ.b. 1. júlí
Há-áhættusvæði	PCR próf fyrir komu. Próf við komu. 5 daga sóttkví. Seinna próf. Dvöl í sóttkvíarhús meginregla. Ónaðusynlegar ferðir óheimilar til landa þar sem nýgengi er hæst.	PCR próf fyrir komu. Próf við komu. 5 daga sóttkví. Seinna próf.	PCR próf fyrir komu. Próf við komu. 5 daga sóttkví. Seinna próf.
Áhættusvæði	PCR próf fyrir komu. Próf við komu. 5 daga sóttkví. Seinna próf.	PCR próf fyrir komu. Próf við komu. 5 daga sóttkví. Seinna próf.	PCR próf fyrir komu. Próf við komu.
Lág-áhættusvæði	PCR próf fyrir komu. Próf við komu. 5 daga sóttkví. Seinna próf.	PCR próf fyrir komu. Próf við komu.	Próf við komu.
Utan áhættusvæða	Engar aðgerðir á landamærum.	Engar aðgerðir á landamærum.	Engar aðgerðir á landamærum.

Öllum takmörkunum innanlands
verður aflétt þegar búið er að verja
stærstan hluta fullorðinna með að
minnsta kosti fyrri skammti af
bóluefni.